

## A Posteriori: House, Sculpture

---

From the moment in 1942 when Ásmundur Sveinsson decided to mold a dome-shaped roof onto the top of a cube structure, he had not unintentionally juxtaposed Greek and Turkish vernacular architecture into the residential scene of Laugardalur. A second addition, a narrow wing built across the front of the Þrst building, has slanted walls and a þat roof, a form Ásmundur boldly borrowed from large buildings from ancient Egypt. Lastly, behind the Þrst construction he added a crescent-shaped building with an inclined glass roof. The embracing form, proportional to the Þrst two buildings, evoked images of a dam or barricade.

Ásmundur built two homes in Reykjavík – the Þrst one, designed by the architect Sigurður Guðjónsson in 1933, and still standing on Freyjugata, is now known as Ásmundarsalur and functions as the ASÍ Museum. The second home bore Ásmundur’s artistic signature through and through and served as his Þnal residence and studio. The Þnal constructed form was built in three phases: in 1942, in 1946, and from 1955–59. After Ásmundur’s death in 1982, it became Ásmundarsafn (the Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum.)

The title of this exhibition, *A Posteriori*, comes from an early 17th-century Latin phrase meaning “from what comes after” or “from the latter”. The exhibition consists of a selection of works by contemporary artists that þguratively set off the sculptural characteristics of Ásmundarsafn. When the building is considered as part of the exhibition, the sculptures in the garden inevitable come into view, in particular the massive ones (see diagram), which render an allusive shift in scale when proportion between the architecture and the sculptures is considered. An enhancing component in the exhibition is a collection of Ásmundur’s sculptures in the garden that are larger than life. The smaller versions of these

sculptures inside the house intersect with their larger counterparts outside.

A pioneer and prominent contributor to 20th-century Icelandic art, Ásmundur Sveinsson (1893–1982) was among a handful of sculptors of his time who were trained in classical art academies abroad. Like his contemporaries, Ásmundur started to gain recognition with his earlier realistic works (1920s to early 1940s), which concerned Icelandic folklore, literature and ordinary people – themes that were widely understood by the public. As he lived and aged as an artist, Ásmundur let his irreverent attitude toward life show in his art. Pain and sorrow were mourned with negative spaces, joy moved in þowing contours and shapes, energy felt in the tension of lines – these were some of the attributes that gradually overtook his later works (from 1940s onward). When Ásmundur ventured into using unconventional materials and methods of execution, a playful and subtle spirit seeped into his works as a result. This shift of style and technique came in part from his studious pursuit of knowledge, not only from his readings and travels but from the experiences gained from building his own homes and studios.

Even though friends and acquaintances provided technical drawings and construction expertise, Ásmundur was the master architect who envisioned the three forms of Ásmundarsafn – the dome, the pyramids, and the U-shaped shed. He ruminated extensively on the forms in relation to the surrounding barren landscape and derived his ideas from foreign architecture. He was also the main builder on the project and dug the foundations, bent the steel structures, mixed concrete and cemented the walls and roofs. Ásmundur approached the construction of the house as he would mold, sculpt, cast, twist or bolt his sculptures.

The distinctive forms of the buildings echo the artistic sensitivity of its creator. Its structural design is unique and stands out in the residential neighborhood it is a part of. As architecture, it is an exclusive and stand-alone specimen, and projects a certain impression of being “displaced”.

Some of the house sculptures in the exhibition mirror this sentiment, specifically those by Birgir Snæbjörn Birgisson, Guðjón Ketilsson and Þorbjörg Þorvaldsdóttir, which refer to existing architectures permanently situated in other locations.

Although parts of their sculptures also made references to other buildings, Hulda Hákon and Stefán Jónsson each integrate a second source as a cross-reference. Their house sculptures take on a narrative role and are metaphors to specific events or expectations.

On the other hand, Kristín Reynisdóttir removes traces of visible opinions from her structures, even though she interprets her spatial constructions from facts and interviews she has collected at specific places.

In contrast, Kathy Clark fabricates her installation from ready-mades, found objects and words. Her work compartmentalizes living situations, and she uses objects and symbols to portray emotional or psychological experiences that are common in modern societies.

The catalyst of the exhibition is the architecture of Ásmundarsafn, but the glue that holds it together is the sculptural aspect of the buildings. Ásmundur designed the buildings with his artworks in mind, and utilized them fully as his workshop and exhibition space. The buildings parallel Ásmundur’s art in forms and shapes, and they extend an unconventional platform for artworks by other artists to dwell in.

### **Birgir Snæbjörn Birgisson**

**The White House series, 2011**

**Painted wood, clay, plaster, concrete, oil on canvas**

The White House in Washington, D.C., is undoubtedly one of the most identifiable buildings in the world. When Birgir Snæbjörn Birgisson came upon the book *White House in Miniature*, he was fascinated by what motivated Jan and John Zweifel to make a meticulously detailed miniature of the building to tour and exhibit around all fifty states of the USA. The idea of using a miniaturized replica to instill pride in America’s democratic heritage propelled Birgir to ask, “When does the replica stop being a replica of an original and get its own identity?” In the process of questioning, Birgir created three replicas – one each out of clay, plaster and concrete – based on information he found in the book. First and foremost a painter, Birgir’s impartial three-dimensional recreations in *The White House* series assume a decidedly defining role in the company of his muted paintings from the same series.

### **Guðjón Ketilsson**

**Lighthouses, 2010**

**Painted wood, metal**

Guðjón Ketilsson’s miniature lighthouses stand on transportation crates, dislocated and as isolated as the actual towering structures. Guðjón photographed lighthouses at locations throughout the North Atlantic region and used these images to create the representations seen here.

### **Stefán Jónsson**

**Raphael’s Rods, 2014**

**Enamel, rubber substance, tiles, wood**

*Raphael’s Rods* is appropriated from the Renaissance painting *The Marriage of the Virgin* (1504), by Raphael. The architectural structure taken from the paintings has been distorted

and its altered form repeated in four different colors. The enhancing element, though, is a representation of Gleráirkirkja, a church in Akureyri, Iceland. It stands among four paccid domed temples, stripped of all identifiable features aside from its suggestive shape. Since the 1980s, Stefán Jónsson has consistently referred back to art history in his work. In his later works, Stefán juxtaposes elements that he takes from historical paintings and combines them with actual elements, using different materials to delineate his subjects.

### **Hulda Hákon**

**Höfði and Miðgarð Serpent, 1987**

**Painted wood**

Höfði is a well-known building in Reykjavík, best known as the venue for the 1986 Reykjavík Summit between Ronald Reagan and Mikhail Gorbachev that initiated the end of the Cold War. *Höfði and the Miðgarð Serpent*, by Hulda Hákon, is a wall relief that depicts Jörmungandr (the World Serpent), a creature from Norse mythology, surrounding Höfði with its mouth approaching its tail. The work marks a global historical moment without a conclusion, as the folklore claims that the world will only be whole and safe once the Miðgarð serpent has its tail in its mouth.

### **Kristín Reynisdóttir**

**A House for Nets, 2010**

**Mixed media**

Kristín Reynisdóttir's installation and wall reliefs were created from information and interviews she collected. *A House for Nets* is a structure used to dry cotton fishing nets. Fishing is an industry that provides livelihoods to people from countries all over the North Atlantic. This house takes on a role in identifying the similar culture and heritage of these countries.

### **Kristín Reynisdóttir**

**Dimensions, 2014**

**Mixed media**

*Dimensions* deals with the psychological and physical spaces of three East Berliners before the fall of the Berlin Wall, as shared with the artist, Kristín Reynisdóttir. An invisible boundary, a recurrent theme in Kristín's works, denotes spaces that are divided.

### **Kathy Clark**

**Those Long-forgotten Longings**

**Kept Secret, 2014**

**Found objects, mixed media**

This work is "a world within a world" that compartmentalizes the home or place. Each section holds scenarios, actions or evidence of private life. Kathy Clark uses found objects and subjects them to various techniques, such as wrapping, cutting, tying, breaking and burning, to suggest emotions, desires and states of mind. The work also serves as a set of records with lists and text about the artist's personal thoughts.

### **Þorbjörg Þorvaldsdóttir**

**Untitled, 2011**

**Painted wood, color photographs**

Þorbjörg Þorvaldsdóttir made a scale model of an actual building in Reykjavík, an ordinary and typical building with many inhabitants. The photos that accompany the work show the model, but at first glimpse the image in the photographs is easily mistaken for the actual building. The photos upend the viewer's expectations, and give strange or unfamiliar notions that are diffused through ordinariness.

Text: Yean Fee Quay

Copy edit: Steven Meyers



**A Posteriori:**  
**Hús, höggmynd**  
House, Sculpture

Listamenn / Artists:

**Ásmundur Sveinsson**

**Birgir Snæbjörn Birgisson**

**Guðjón Ketilsson**

**Hulda Hákon**

**Kathy Clark**

**Kristín Reynisdóttir**

**Stefán Jónsson**

**Þorbjörg Þorvaldsdóttir**



# A Posteriori: Hús, höggmynd

Þegar Ásmundur Sveinsson tók þá ákvörðun árið 1942 að setja hvolfþak á ferkantaða húsið sitt í íbúðahverf í Laugardalnum var það engin tilviljun. Hann hafði kynnst á ferðum sínum hefðbundnum arkitektúr Grikkja og Tyrkja og hriðst af. Önnur viðbót við húsið, álma sem reis við framhlið fyrstu byggingarinnar, var með hallandi veggjum og þötu þaki í stil sem Ásmundur tók af djarf hug að láni frá stórum byggingum í Egyptalandi til forna. Að síðustu bætti hann við að baki húsanna skeifulaga byggingu með bröttu glerþaki að hluta til. Umfaðmandi lagið á þessum skála og afstaða hans miðað við hinar byggingarnar minnti á stípuvegg eða virkisgarð.

Ásmundur reisti sér tvö heimili í Reykjavík – hið fyrsta teiknaði arkitektinn Sigurður Guðjónsson árið 1933, og stendur það enn við Freyjugötu, þar sem nú er Ásmundarsalur, Listasafn ASÍ. Síðara heimilið ber í öllu tilliti listræn auðkenni Ásmundar og var heimili hans og vinnustofa til æviloka. Byggingin í sinni endanlegu mynd var reist í þrem lotum: árið 1942, 1946 og á árunum 1955–1959. Eftir lát Ásmundar árið 1982 var þar stofnsett Ásmundarsafn.

Heiti þessarar sýningar, *A Posteriori*, er komið úr latnesku orðasambandi frá fyrri hluta 17. aldar, sem þýðir „af því sem á eftir kemur“, „af hinu síðara“. Sýningin samanstendur af úrvali verka eftir samtímalistamenn sem á myndrænan hátt skerpa á tignarlegum sérkennum Ásmundarsafns. Þegar horft er á sjálfa bygginguna sem er hluti af sýningunni blasa stóru höggmyndirnar við (sjá kort). Þær gefa til kynna umpólun sígildra stærðarhlutfalla þegar litið er á umfang bygginganna samanborið við stærð höggmyndanna. Áhrifamikill hluti af sýningunni er safn gríðarstórra höggmynda Ásmundar í garðinum. Minni útgáfur þessara höggmynda inni í safninu kallast á við stærri eftirmyndir sínar úti.

Sem frumkvöðull og áberandi listamaður í listalífi Íslands á 20. öldinni var Ásmundur Sveinsson (1893–1982) meðal örfárra myndhöggvara á sinni tíð sem höfðu hlotið klassíska menntun í listaháskólum erlendis. Líkt og samtímamenn hans varð Ásmundur þekktur og öðlaðist viðurkenningu fyrir raunsæ verk sín á fyrri hluta ferils síns (á þriðja áratugnum og fram á þann þmmta), verk sem tóku mið af íslenskum þjóðháttum, bókmenntum og venjulegu fólki – efnistökin voru því vel skiljanleg öllum almenningi. Eftir því sem árin færðust yfir og Ásmundur þróaðist í list sinni, leyfði hann óhátiðlegu viðhorfi sínu til lífsins að koma fram í listaverkum sínum. Sársauki og eftirsjá endurspegluðust í tómarýmum, gleðin bærðist í þæðandi útlinum og formum, orkuna mátti skynja í spennu milli lína – þetta voru nokkur þeirra einkenna sem smám saman settu æ sterkari svip á verk hans á seinni hluta ferilsins (frá þmmta áratugnum og allt til enda). Þegar Ásmundur leyfði sér að nota óhefðbundin efni og aðferðir við gerð verka sinna, færðist oft gáskafullur og léttur blær yfir þau fyrir vikið. Þessi umbreyting á stíltökum og tækni spratt að nokkru leyti af þaulhugsaðri þekkingarleit hans, ekki aðeins af lestri og ferðalögum heldur og af reynslunni sem hann öðlaðist við að byggja sín eigin heimili og vinnustofur.

Enda þótt vinir og kunningjar legðu til tækniteikningar og sérþekkingu á sviði húsbygginga, var Ásmundur yfirverkefræðingurinn sem sá fyrir sér formin þrjú sem mynda Ásmundarsafn – hvelþnguna, píramídana og skeifulaga skálann. Hann sókkti sér í djúptækur ígrundanir varðandi formin í tengslum við hrjóstrugt landslagið í kring og þróaði hugmyndir sínar í samspili við byggingarlist í öðrum löndum. Hann var einnig byggingameistarinn þegar kom að því að reisa húsin og gróf sjálfur fyrir undirstöðum þeirra, beygði og batt saman járnvirkið, blandaði steypuna og múraði veggina og þökin.

Ásmundur gekk að því að reisa byggingarnar rétt eins og hann skapaði, formaði og mótaði, vatt upp á og boltaði saman höggmyndir sínar.

Einkennandi form bygginganna bera glöggst með sér listrænt næmi skapara síns. Þær eru hannaðar á einstakan hátt og skera sig úr í íbúðahverfnum sem þær tilheyra. Í byggingarlistarlegu tilliti er húsið einstakt og alveg sér á parti sem fyrirbæri, og vekur að vissu leyti þá kennd að það sé „á skökkum stað“.

Sumir húsaskúlptúranna á sýningunni endurspeglja þessa tilþningu, sér í lagi verk Birgis Snæbjörns Birgissonar, Guðjóns Ketilssonar og Þorbjargar Þorvaldsdóttur, sem vísa til bygginga sem eru á öðrum stöðum.

Enda þótt hlutar af skúlptúrum Huldu Hákon og Stefáns Jónssonar vísi einnig til annarra bygginga, samþættir hvort þeirra um sig tilvísun til annarrar byggingar inn í verk sitt. Húsaskúlptúrar þeirra eru í frásagnarhlutverki og eru myndhverfngar fyrir sérstaka viðburði eða væntingar.

Á hinn bóginn fjarlægir Kristín Reynisdóttir hvern vott um sýnileg viðhorf úr sínum verkum, jafnvel þótt hún túlki rýmisverk sín út frá staðreyndum sem hún safnaði og viðtölum sem hún tók á tilteknum stöðum.

Kathy Clark býr hins vegar til innsetningar sínar úr tilbnum hlutum, fundum hlutum og orðum. Verk hennar hólfaskipta lifandi aðstæðum, og hún notar hluti og tákni til að sýna tilþningalegar eða sálrænar upplifanir sem algengar eru í nútímasamfélögum.

Kveikjan að sýningunni er arkitektúr Ásmundarsafns, en límið sem heldur henni saman er skúlptúrískt yfbrigði bygginganna. Ásmundur hannaði byggingarnar með listaverkin sín í huga, og nýtti þær til fulls sem vinnustofu og sýningarrými. Hvað form og sköpulag varðar eru byggingarnar hliðstæður við list Ásmundar, og þær bjóða upp á óhefðbundinn vettvang fyrir listsköpun annarra listamanna.

## **Birgir Snæbjörn Birgisson**

Hvíta hús serían, 2011

Málaður viður, leir, gifs, steinsteypa, olía á striga

Hvíta húsið í Washington, D.C., er án efa ein af þekktustu byggingum heimsins. Þegar Birgir Snæbjörn Birgisson rakst á bókina *White House in Miniature*, hreifst hann af því sem hafði knúið Jan og John Zweifel til að gera nostursamlega og nákvæma litla eftirmynd af byggingunni sem þau fóru svo með um öll Pmmtiu ríki Bandaríkjanna og sýndu. Sú hugmynd að notast við litla eftirmynd til að kynda undir stolti yfyr lýðræðislegum hefðum í Bandaríkjunum, kveikti eftirfarandi spurningu í huga Birgis:

„Hvenær hættir eftirmyndin að vera eftirmynd af frummynd og öðlast sitt eigið kennimark?“

Meðan hann velti þessu fyrir sér, bjó Birgir til þrjár eftirmyndir – eina úr leir, aðra úr gifsi og þá þriðju úr steinsteypu – sem hann byggði á þeim upplýsingum sem birtar voru í bókinni. Birgir er fyrst og fremst listmálari, en hlutlausar þrívíðar endurgerðir hans í *Hvíta hús seríunni* skipa mjög afdráttarlausan og ákveðinn sess í samþoti með dempuðum málverkum hans úr sömu seríu.

## **Guðjón Ketilsson**

Vitar, 2010

Málaður viður, málmur

Smávitar Guðjóns Ketilssonar standa á þutningakössum, á skökkum stað og jafn afskekktir og hin raunverulegu himingnæfandi mannvirki. Guðjón ljósmyndaði vita hér og hvar á Norður-Atlantshafssvæðinu og studdist við myndirnar þegar hann bjó til verkin sem sjá má á sýningunni.

## **Stefán Jónsson**

Reðir Rafaels, 2014

Lakk, gúmmiefni, keramikþisar, viður

Verkið *Reðir Rafaels* á sér vísu fyrirmynd í málverkinu *Gifting meyarinnar* (1504) eftir Rafael. Byggingin sem fengin er að láni frá málverkinu hefur verið afþöguð og birtist

í sinni breyttu mynd í fjórum mismunandi litum. Það sem er þó áhrifaríkast er framsetningin á Gleráarkirkju á Akureyri. Hún stendur á meðal fjögurra máttlausra mustera með hvolfbaki, sem hafa verið svipt öllum kennileitum að frátöldu kunnuglegu byggingarlaginu. Frá því á níunda áratugnum hefur Stefán Jónsson í verkum sínum leitað af einurð aftur í listasöguna. Í seinni tíð teyfir hann gjarna saman fyrirbærum sem hann tekur að láni úr sögulegum málverkum og samþættir þau raunverulegum fyrirbærum, en notar mismunandi efni til að teikna upp viðfangsefni sín.

### **Hulda Hákon**

**Höfði og Miðgarðsormur, 1987**

**Málaður viður**

Höfði er vel þekkt bygging í Reykjavík, þekktust sem vettvangur leiðtogafundar Ronalds Reagan og Mikhails Gorbatsjov sem markaði upphað að endalokum kalda stríðsins. *Höfði og Miðgarðsormur* eftir Huldu Hákon er lágmynd sem sýnir Jörmungand (veraldarorminn), skepnu úr norrænni goðafræði sem umkringir Höfða og er í þann veginn að bíta í eigin sporð. Listaverkið er til marks um heimssögulega andrá án niðurstöðu, þar eð þjóðtrúin segir að þá fyrst verði veröldin heil á húþ þegar Miðgarðsormur hefur bitið í sinn eigin sporð.

### **Kristín Reynisdóttir**

**Net hús, 2010**

**Blönduð tækni**

Innsetningu sína og lágmyndir skapaði Kristín Reynisdóttir upp úr upplýsingum sem hún safnaði og viðtölum sem hún tók. *Net hús* er bygging sem var notuð til að þurrka þskinet úr bómullarþræði. Fiskveiðar eru atvinnugrein sem sér fjölda fólks farborða á öllu Norður–Atlantshafssvæðinu. Þetta hús gegnir því hlutverki að vera einkennistákn fyrir svipaða menningu og arbeið þessara landa.

### **Kristín Reynisdóttir**

**Viddir, 2014**

**Blönduð tækni**

*Viddir* snúast um sálrænt og áþreifanlegt rými í líp þriggja Austur–Berlínarúbúa fyrir fall Berlínarmúrsins, eins og þeir lýstu því fyrir Kristínu Reynisdóttur. Ósýnileg mæri, endurtekið þema í verkum Kristínar, gefa til kynna rými sem eru aðskilin.

### **Kathy Clark**

**Pessar löngu gleymdu langanir**

**sem haldið er leyndum, 2014**

**Fundnir hlutir, blönduð tækni**

Þetta verk er „heimur innan heims“ sem hólfaskiptir heimilinu eða staðnum. Hver hluti þess sýnir ímyndaðar aðstæður, athafnir eða ummerki sem tengjast einkalíb. Kathy Clark notar fundna hluti og beitir ýmiss konar aðferðum, þakkar þeim inn, sker þá, bindur, brýtur og brennir, til að gefa til kynna tilþningar, þrár og mismunandi hugarástand. Listaverkið þjónar einnig því hlutverki að vera eins konar safn af skrárm með listum og textum um persónulega þanka listamansins.

### **Þorbjörg Þorvaldsdóttir**

**Án titils, 2011**

**Málaður viður, litljósmyndir**

Þorbjörg Þorvaldsdóttir gerði líkan af raunverulegri byggingu í Reykjavík, venjulegri og dæmigerðri byggingu þar sem margir eru búsettir. Ljósmyndirnar sem fylgja verkinu sýna líkanið, en við fyrstu sýn virðist eftirmyndin á ljósmyndunum hæglega geta verið hin raunverulega bygging. Ljósmyndirnar kollvarpa væntingum áhorfandans, því þótt allt virðist slétt og fellt á yfirborðinu, kveikja þær undarlegar eða framandi hugmyndir.

Texti: Yean Fee Quay  
Þýðing: Uggj Jónsson



Hvellþingin í byggingu, en verkið hófst árið 1942.  
Ljósmyndin er birt með leyfi afkomenda Ásmundar Sveinssonar.  
The dome under construction, which began in 1942.  
Photo courtesy of the estate of Ásmundur Sveinsson.




Ásmundur Sveinsson (maðurinn fyrir miðju) þegar verið var að reisa þriðja hluta byggingarinnar (1955–1959).  
Ljósmyndin er birt með leyfi afkomenda Ásmundar Sveinssonar.  
Ásmundur Sveinsson (figure in the middle) during the construction of the third section (1955–59). Photo courtesy of the estate of Ásmundur Sveinsson.



Þrjár byggingar hannaðar og byggðar af Ásmundi Sveinssyni.  
Svona leit húsið, ásamt höggmyndum meistarans, út á sjúnda áratugnum.  
Ljósmyndin er birt með leyfi afkomenda Ásmundar Sveinssonar.  
The three buildings as designed and built by Ásmundur.  
Seen in the 1960s with sculptures by the artist.  
Photo courtesy of the estate of Ásmundur Sveinsson.



Myndin var tekin meðan var verið að byggja skeifulaga skálann (1955–1959).  
During the construction of the U-shaped shed (1955–59).  
Ljósmynd / Photo: Ólafur K. Magnússon.



Kort / Diagram